



## Fræðslufundur fyrir foreldra og forráðamenn nemenda FG

Miðvikudaginn 28. nóvember klukkan 8:10 fer fram kynningar- og fræðslufundur um rannsóknina „Betri líðan í mínum skóla“. Jón Sigfússon frá Rannsóknnum og greiningu kemur og verður með stutta framsögu um rannsóknina og helstu niðurstöður. Að framsögu lokinni verður tími til að koma með spurningar og ræða málin.

Foreldraráð FG og skólinn sjálfur halda fundinn. Boðið verður upp á kaffi, te og ávexti. Fundurinn fer fram á kennarastofunni á þriðju hæð skólans.

Upplýsingar um Rannsóknir og greiningu má fá [hér](#).

## Niðurfelling á fjarvistum

Hægt er að sækja um niðurfellingu á fjarvistum vegna veikinda og/eða annarra lögmætra forfalla til 30. nóvember. Nánari upplýsingar má sjá í [skólasóknarreglum](#) á heimasíðu skólans.

Umsóknnum skal skila á skrifstofu skólans á eyðublöðum sem þar fást.

Ekki er skilyrði að nota eyðublöðin.

## Lok annarinnar – mikilvægt að mæta í próf

Nú er komið að lokum annarinnar. Framundan eru próf og síðan jólafrí. Önnin hefur sóst misvel hjá nemendum. Margir hafa staðið sig vel og sótt skólann vel en aðrir síður. Á þessari önn sem og öðrum mun gildi góðrar skólasóknar koma í ljós. Þó mæting í tíma sé leið að markmiði en ekki sjálfstætt markmið er fátt sem getur betur auðveldað nemendum námið en góð skólasókn.

Mjög mikilvægt er að nemendur mæti í öll sín próf, hvort sem mæting þeirra er góð eða ekki. Þegar kemur að því að meta áframhaldandi skólavist kemur það nemendum til góða ef þeir mæta í öll sín próf. Nemendur hafa alltaf heimild til próftöku ef þeir eru skráðir í skólann á annað borð. Upplýsingar um annað eru rangar.

## Greiðsluseðlar fyrir vorönn 2013

Sú nýbreytni verður á þessari önn að greiðsluseðlar verða sendir út í síðustu kennsluviku. Ef greiðsluseðill er ekki kominn í heimabanka nemanda eða forráðamanns hans í lok vikunnar hefur nemandinn ekki valið fyrir næstu önn og þar með ekki sótt um skólavist á vorönn 2013.

Ef nemandi á eftir að velja er um að gera að hafa samband við umsjónarkennara og ganga frá vali hið fyrsta. Nemandi sem ekki hefur valið fyrir vorönn 2013 getur ekki gert ráð fyrir að hafa skólavist á næstu önn.

Þessi nýbreytni á útsendingu greiðsluseðla auðveldar alla eftirvinnu fyrir skrifstofu skólans og gefur nemendum og foreldrum rýmri tíma til að ganga frá greiðslum.

Ef nemandi fær greiðsluseðil en hyggst ekki vera í skólanum á næstu önn er hann beðinn um að láta skrifstofu skólans vita.

## Síðustu dagar haustannar 2012

Síðasti kennsludagur er föstudagurinn 30. nóvember.

Próf verða haldin 3. – 14. desember.

Einkunnaafhending verður þriðjudaginn 18. desember kl. 13:00

Prófsýning er sama dag frá kl. 13:00 – 14:30.

Brautskráning nemenda fer fram föstudaginn 21. des. kl. 15:00

## Fyrstu dagar vorannar 2013

Opnað verður fyrir stundatöflur nemenda föstudaginn 4. janúar.

Kennsla hefst samkvæmt stundaskrá mánudaginn 7. janúar.